



Hraðavandamál

Það geta margir hlutir komið til greina þegar það kemur að hægu neti og hér förum við yfir helstu orsakirnar.

Góðir punktar

1. [Práðlaust net](#)
2. [Torrent / Niðurhal](#)
3. [Gagnamagn](#)
4. [Annað](#)

Bilanagreining

1. [Fyrir ljósleiðara](#)
2. [Fyrir ADSL](#)

Það er alltaf gott að byrja að endurræsa tölvu og beini, ef þú ert með ljósleiðara er einnig gott að endurræsa ljósleiðarabox.

<http://speed.c.is/> (Hraðaprófun frá Vodafone, bara fyrir ADSL)

<http://speedtest.4v.is:7123/> (Einungis fyrir ljósleiðara)

<http://speedtest.net/> (Hægt að prufa hraða erlendis)



Práðlaust net

Oft þarf að skoða staðsetningu beinisins, þykkir veggir (*t.d burðarveggir*) geta orsakað truflanir.

Annað sem getur haft áhrif á práðlausa sambandið eru önnur práðlaus tæki sem eru mjög nálægt beini eða milli beinis og tölvu. Oft eru það útvarpstæki eða ef móðurstöð fyrir práðlausan síma eru við hlið beinisins.

Það eru fleiri tæki sem koma til greina, t.d bluetooth, práðlausir símar eða örbylgjuofnar, í raun öll tæki sem senda frá sér bylgjur.

Ef þú býrð í fjölbýli þá þarf oft að breyta um tíðnina inná beininum svo að aðrir beinar í kring hafi ekki áhrif á práðlausa net hans. Helstu rásir sem eru notaðar eru 2, 6 og 11 og er þetta einföld aðgerð. Hægt er að hafa samband við nethjálp í 1414 til að fá aðstoð með það.

Almennt besta leiðin til að bilanagreina práðlaust vandamál er að hafa 2 tölvur sem tengjast práðlaust á staðnum og athuga hvort þetta sé eins í báðum, hafa þær líka í sjónmáli við beini. Þá er hægt að finna út hvort vandamálið sé í tölvu eða beini.

Torrent / Niðurhal

Það er alltaf gott að byrja að athuga hvort að það sé mikil netnotkun á öðrum tölvum á heimilinu, algengast er það torrent. En torrent tekur bæði niðurhal og upphal, það tengist fullt af beinum út í heimi sem veldur álag á beininum.

(Torrent er skráarskipta forrit)

Oft er hægt að koma í veg fyrir þetta með því fækka hversu mörgum aðilum torrent forritið tengist. Gott er að hafa ekki fleiri en 150 tengingar.



Gagnamagn

Ef það eru einungis erlendar síður sem eru hægar þá er líklegt að þú sért farin yfir erlenda niðurhalið þitt.

Hægt er að sjá stöðuna á erlenda niðurhalinu sínu með því að fara inná Mínar síður gegnum [Vodafone.is](https://www.vodafone.is) eða með því að smella [hér](#)

Annað

- Það þarf ekki endilega að vera að vandamálið liggja í netinu, heldur í tölvunni.
- Ýmislegt getur valdið hægagangi í tölvu, tölvan eða hugbúnaður getur einfaldlega verið of gamall til að geta nýtt fullan nethraða.
- Einnig er gott að láta vírusvarnarforrit skanna fyrir vírusum og spyware.
- Ef mörg forrit eru í gangi í tölvunni þá er möguleiki að það hægi á vinnslu á vafranum og leiði til hægagangs á neti.

Ef netið heldur áfram að vera með hægagang þá er hægt að hafa samband við nethjálp í 1414.



Bilangreining fyrir ljósleiðara

Mælt er með því að lesa punktana fyrir ofan áður en það er haldið áfram.

Fyrsta skrefið er að tengja tölvu með kapli við beininn og prufa að mæla hraðann. Mikilvægt er að aftengja allar aðrar tölvur á heimilinu svo að þær hafi ekki áhrif.

Hægt er að mæla hraðann [hér](#)

A test takes about 20 seconds. Click on "start" to begin.

```
** Starting test 1 of 1 **
Connecting to 'speedtest.4v.is' [speedtest.4v.is/83.173.15.26] to run test
Server process not running: start web100srv process on remote server (speedtest.4v.is:3001)

click START to re-test

** Starting test 1 of 1 **
Connecting to 'speedtest.4v.is' [speedtest.4v.is/83.173.15.26] to run test
Connected to: speedtest.4v.is -- Using IPv4 address
Checking for Middleboxes..... Done
checking for firewalls ..... Done
running 10s outbound test (client-to-server [C2S]) ..... 44.22Mb/s
running 10s inbound test (server-to-client [S2C]) ..... 48.82Mb/s
The slowest link in the end-to-end path is a 100 Mbps Full duplex Fast Ethernet subnet

click START to re-test
```

START Statistics More Details... Report Problem Options

Eðlileg mæling ætti að sýna um 40-60 Mb/s.

- Ef mælingin er ennþá léleg þá er gott að prófa að tengja aðra tölvu og sjá hvort að það komi út alveg eins mæling.
- Ef hraðinn mælist enn slæmur þá þarf að endurræsa beini, ljósleiðarabox og tölvu, prufa svo að mæla aftur.

Seinasta úrræði er að beintengja tölvu við ljósleiðarabox í tengi 1 eða 2, eftir að það hefur verið tengt þá þarf að ræsa vafra til að fá upp vefsíðu frá Gagnaveitunni. Þar þarf að skrá sig inn með notendanafni og aðgangsorði sem þú fékkst frá Gagnaveitunni.

Því næst þarf að endurræsa bæði tölvu og ljósleiðarabox til að fá netsamband.

Nú má prófa að framkvæma hraðapróf.

- Ef hraðinn bættist til muna þá þarf að láta skoða beini.
- Ef hann er sá sami, þá þarf að hafa samband við nethjálp í 1414.

power to you



Bilanagreining fyrir ADSL

Mælt er með því að lesa punktana fyrir ofan áður en það er haldið áfram.

Það eru nokkrir óviðráðanlegir hlutir sem geta haft áhrif á þinn hraða.

- Lengd frá símsstöð
- Innanhúslagnir
- Lélegar lagnir í hverfinu

Fyrsta skrefið er að tengja tölvu með kapli við beininn og prufa að mæla hraðann. Mikilvægt er að aftengja allar aðrar tölvur á heimilinu svo að þær hafi ekki áhrif.

Hægt er að mæla hraðann [hér](#)

- Ef mælingin er ennþá léleg þá er gott að prófa að tengja aðra tölvu og sjá hvort að það komi út alveg eins mæling.
- Ef hraðinn mælist enn slæmur þá þarf að endurræsa beini, og tölvu, prufa svo að mæla aftur.

Það er möguleiki að vandamálið liggja ekki milli tölvu og beinis, þá er annað sem þarf að prófa.

Ef beinirinn er tengdur í gegnum tvítengi (*splitter*) þá þarf að beintengja beininn í símatengilin og aftengja alla heimasíma, ef önnur símasnúra er fyrir hendi þá er kjörið að prófa hana í stað gömlu.

Nú má prófa að framkvæma hraðapróf.

- Ef hraðinn bættist til muna þá liggur vandamálið í tvítengi, símasnúru eða smásíum.
- Ef hann er sá sami, þá þarf að hafa samband við nethjálp í 1414.



power to you